

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1355****2022/EES/34/56****frá 12. ágúst 2021****um landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára sem aðildarríki eiga að koma á fót fyrir  
varnarefnaleifar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 3. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu vinnslu og dreifingar. Í henni er kveðið á um sértækar reglur um opinbert eftirlit í tengslum við efni sem notkun á getur leitt til þess að leifar þeirra finnist í matvælum og fóðri.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 <sup>(2)</sup> felld brott en gildir þó áfram til 14. desember 2022 nema fyrri dagsetning sé fastsett með framseldri gerð. Í þessari 30. gr. er mælt fyrir um sértækar kröfur um að koma á áhættumiðuðum landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára vegna varnarefnaleifa í þeim tilgangi að meta annars vegar váhrif á neytendur og hins vegar hvort farið er að ákvæðum löggjafar.
- 3) Í 110. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um lágmarkskröfur varðandi innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára. Þar er þó ekki tekið tillit til sértæks hagnýts fyrirkomulags sem þörf er á til að undirbúa landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára vegna varnarefnaleifa.
- 4) Því er rétt að fastsetja sértækar kröfur varðandi undirbúning landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára vegna varnarefnaleifa sem ættu að vera hluti af landsbundnu eftirlitsáætlunum til margra ára. Einkum er mikilvægt að tryggja að í eftirlitskerfinu sé mat á váhrifum á neytendur tekið til greina og hvort farið er að reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 5) Þar eð 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 verður ekki lengur í gildi eftir 15. desember 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 291, 13.8.2021, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára vegna varnarefnaleifa**

1. Aðildarríki skulu koma á landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára vegna varnarefnaleifa sem hluta af viðkomandi landsbundinni eftirlitsáætlun þeirra til margra ára. Þau skulu uppfæra landsbundnu áætlunina sína til margra ára á hverju ári.
2. Þessar áætlanir skulu vera áhættumiðaðar og miðast að því að meta váhrif á neytendur og hvort farið er að reglugerð (EB) nr. 396/2005. Í þeim skal a.m.k. tilgreina eftirfarandi:
  - a) afurðir sem taka á sýni úr,
  - b) fjöldi sýna sem á að taka og greiningar sem á að framkvæma,
  - c) varnarefni sem á að greina,
  - d) þær viðmiðanir sem gengið er út frá við gerð þessara áætlana, þ.m.t.:
    - i. samsetningar varnarefnis og afurðar sem á að velja,
    - ii. fjöldi sýna sem á að taka úr innlendum afurðum annars vegar og innfluttum afurðum hins vegar,
    - iii. neysla afurðanna sem hlutfall af matvælaneyslu þjóðarinnar,
    - iv. eftirlitsáætlun Sambandsins og
    - v. niðurstöður úr fyrri landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára.
3. Aðildarríkin skulu taka þátt í eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára í samræmi við 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

*2. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*